Atvinnulíf í Ólafsvík:

Hangir á horriminni fram að áramótum

„Horfurnar eru ekki góðar. Það er samt ekkert atvinnuleysi hérna," sagði Kristján Pálsson, formaður atvinnumálanefndar Ólafsvíkur.

„Eigi að síður eru fyrirtækin hérna rekin með litlum afköstum, á hálfum afköstum og jafnvel minna, miðað við það sem þau geta, sem þýðir að þau eru að reka sig á tapi. Það vantar hráefni.

Það getur verið að við getum haldið þessu svona áfram til áramóta en það er samt ekki útséð um það. Það munar mikið um það að við getum ekki látið togarann vera hérna heima. Hann hefur verið í siglingum og við höfum þurft að treysta á heimabáta sem eiga mjög lítinn kvóta eftir, nánast engan. Þannig að það er ýmislegt sem bendir til þess að seinni hluti ársins verði erfiður. En samt höfum við ekki orðið varir við neitt atvinnuleysi ennþá.

Það vantar kvóta. Flestallir bátarnir eru búnir með kvóta sinn fyrir nokkuð mörgum mánuðum og margir hafa keypt sér kvóta. Þetta hangir svona á horriminni fram að áramótum með það að halda þessu gangandi við illan leik," sagði Kristján Pálsson.

-KMU.



Báturinn, sem Tros sf. fær kvóta á, hefur verið við húsgaflinn síðan í ársbyrjun 1984.
DV-mynd: Magnús Gíslason

Sandgerði:

30 tonna kvóti á bát við húsgafl

„Ég keypti bátinn í janúar eða febrúar 1984. Hann varð fyrir tjóni í janúar en honum fylgdi kvóti, sem ég seldi sjálfum mér," sagði Logi Þormóðsson hjá Tros sf., útgerðarfyrirtæki í Sandgerði.

Báturinn, sem Logi keypti, hefur ekki verið sjósettur síðan í janúar 1984.

En bæði árin 1984 og 1985 hefur fengist kvóti á bátinn.

„Báturinn er á skrá og þá fæst kvóti á hann," sagði Logi. „Í ár fékk ég 30 tonna kvóta á þennan bát".

Markmiðið með kaupunum á bátnum sagði Logi vera að gera hann upp en það sagðist hann láta bíða þar til skýrðist hver yrði þróunin í sjávarútvegsmálum okkar.

-ÞG

Bók Treholts vekur athygli

Bók njósnarans Arne Treholts kom út í Noregi í gær. Bókin nefnist Aleinn og hefur þegar verið prentuð í 40 þúsund eintökum. Í gær birtust mótmæli 20 mikilsmetinna aðila innan atvinnulífsins í Noregi þar sem útgáfu þessarar bókar er harðlega mótmælt.

Það er bókaforlagið Cappelen sem gefur út bókina. Arne Treholt hefur þegar fengið bókmenntaverðlaun forlagsins fyrir þetta ritverk sem unnið er innan veggja fangelsisins þar sem Treholt situr. Nils Fredrik Dahl, blaðafulltrúi forlagsins, sagði í viðtali við DV í gær að allt benti til þess að sala bókarinnar yrði góð. Hann sagðist ekki búast við því að mótmæli tuttugumenninganna hefðu tilætluð áhrif.

Í auglýsingu í norsku dagblöðunum í gær, sem ber yfirskriftina „Nú er komið nóg", mótmæla þessir einstaklingar því að maður sem þegar hefur verið dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir landráð komist upp með það að gefa út bók. Þeir segjast ekki ætla að kaupa þessa bók og hvetja aðra til þess að gera það sama.

APH

Nýr formaður launamálaráðs

Aðalfundur launamálaráðs BHMR var haldinn sl. föstudag. Stefán Ólafsson lektor gaf ekki kost á sér áfram sem formaður ráðsins. Í hans stað var kosinn Þorsteinn A. Jónsson, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu.

Varaformaður er Ólafur Karlsson viðskiptafræðingur hjá Pósti og síma. Meðstjórnendur eru Haraldur Sigursteinsson hjá Vegagerð ríkisins, Una Ágústsdóttir frá Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Jón Hannesson frá Hinu íslenska kennarafélagi, Eydís Arnviðardóttir frá Félagi bókasafnsfræðinga og Már Ársælsson frá Félagi tækniskólakennara.

-ÞG



Hér sjást fulltrúar framhaldsskólanema afhenda Davíð Oddssyni borgarstjóra áskorun um að þeim verði gefinn kostur á lægri fargjöldum hjá SVR.

Framhaldsskólanemar:

Vilja fá lækkun fargjalda hjá SVR

Nemendastjórn framhaldsskóla í Reykjavík hefur sent áskorun til borgaryfirvalda þess efnis að nemendum mennta- og fjölbrautaskóla í Reykjavík verði gefinn kostur á lægri fargjöldum hjá SVR en nú er.

Forsendur þessarar áskorunar eru þær að nemendur framhaldsskólanna, einn stærsti notendahópur SVR, hafa í fæstum tilfellum nokkrar tekjur yfir skólaárið og strætisvagnaferðir á skólaárinu eru því ótrúlega mikill hluti útgjalda þeirra. Benda má á að miðað við lágmarksnotkun nemenda, sem ferðast með strætisvögnunum í og úr skóla, er kostnaður vegna ferðanna kr. 11.000 yfir skólaárið. Vonast nemendur eftir skjótri og góðri afgreiðslu þessa máls í borgarstjórn.

Kvikmyndahátíð Listahátíðar kvenna:

Dræm aðsókn fyrstu dagana

„Þetta hefur farið hægt af stað og aðsóknin er enn sem komið er langt frá því að vera nógu góð," sagði Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri sem er í forsvari fyrir kvikmyndahátíð Listahátíðar kvenna. Kvikmyndahátíðin hófst um helgina með sýningu á verðlaunamynd eftir þýska kvikmyndaleikstjórann Margarethe von Trotta sem er gestur hátíðarinnar. Síðan þá hafa að jafnaði verið fimm myndir á dagskrá þá daga sem liðnir eru af hátíðinni. Svo verður einnig í dag.

Í dag verður fyrst sýnd mynd eftir bandaríska leikstjórann Lee Grant. Nefnist hún Leggðu fyrir mig gátu og fjallar um hjón sem ætla að skilja eftir áratuga hjónaband. Þá verður sýnd myndin Agatha eftir Marguerite Duras. Síðan er fyrsta Hollywood-myndin gerð af konu á dagskrá. Er það Hugrekkið ofar öllu eftir Dorothy Arzner. Að lokum verða sýndar tvær af verðlaunamyndum Margarethe von Trotta. Þær eru Önnur vitundarvakning Christu Klages, sem færði höfundinum æðstu kvikmyndaverðlaun V-Þýskalands, og Blóðbönd, sem hlaut gullljónið í Feneyjum árið 1981. Íslenska myndin sem sýnd verður í dag er Sóley eftir Rósku. Sýnt er í Stjörnubíói.



Á göngum Kjarvalsstaða eru sýndir munir og minjar sem tengjast lífi Kjarvals.
DV-mynd KAE

Aldarminning meistara Kjarvals:

Veglegar bækur og þrjár stórsýningar

— meðal viðburða listamanninum til heiðurs

Í dag hefði Jóhannes Sveinsson Kjarval orðið hundrað ára hefði hann lifað. Í tilefni þess hefur verið gefin út bók um meistarann og haldnar eru þrjár sýningar.

Að bókinni hefur Indriði G. Þorsteinsson unnið á vegum hússtjórnar Kjarvalsstaða síðan árið 1976. Þetta er mikið verk í tveimur bindum þar sem ævi Kjarvals er rakin. Auk þess eru margar myndir í ævisögunni, bæði litprentanir af málverkum og ljósmyndir frá ævi listamannsins og af samferðafólki hans. Málverkin eru valin af Frank Ponzi.

Á Kjarvalsstöðum verður í dag opnuð stór yfirlitssýning á verkum Kjarvals. Á sýningunni eru 177 málverk, flest úr einkaeigu, og hafa mörg þeirra ekki verið sýnd opinberlega fyrr. Elsta myndin er frá árinu 1901 og þær yngstu frá árunum 1967—'68. Á göngum Kjarvalsstaða eru sýndir munir og minjar úr fórum Kjarvals. Þá hefur verið gerður 10 mínútna langur myndbandsþáttur sem nefnist „Meistari Kjarval". Þar er í stuttu máli rakinn ferill listamannsins. Þá verða fluttir fyrirlestrar í tengslum við sýninguna í næsta mánuði.

Í dag verður einnig opnuð í Listasafni Íslands sýning á 130 verkum Kjarvals sem öll eru í eigu safnsins. Síðar í mánuðinum verður síðan opnuð sýning í Háholti í Hafnarfirði á málverkum eftir Kjarval í eigu Þorvalds Guðmundssonar sem kenndur er við Síld og fisk. Er það mesta safn málverka Kjarvals í einkaeigu.

Listasafn ASÍ mun einnig minnast Kjarvals með útgáfu listskyggnubóka sem Björn Th. Björnsson og Hrafnhildur Schram annast útgáfu á.

GK

SENDIBÍLASTÖÐIN
Skutlur í snattið
ÞRÖSTUR
Vanir menn, vönduð vinna
68 50 60
Flytjum allt frá smáum pökkum upp í heilar búslóðir innanbæjar eða hvert á land sem er.
68 50 60
Ávallt feti framar